

AUGLÝSING

**um framlengingu á tímabundinni lokun fyrir vetrarakstri vélknúinna ökutækja
á svæði á austanverðum Breiðamerkursandi.**

Svæði á austanverðum Breiðamerkursandi, sem afmarkast af Veðurá að austan- og sunnanverðu, Jöklusárlóni að vestanverðu og núverandi ísjaðri Breiðamerkurjökuls að norðanverðu er lokað fyrir umferð vélknúinna ökutækja, skv. ákvörðun þjóðgarðsvarðar suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Lokun þessi tekur til vetraraksturs, þ.e. aksturs á snævi þakinni og frosinni jörð. Afmörkun er sýnd á korti sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 966/2019 um framlengingu á tímabundinni lokun fyrir vetrarakstri vélknúinna ökutækja á svæði á austanverðum Breiðamerkursandi. Á svæðinu eru engir vegir og gildir því að öðru leyti bann við akstri vélknúinna ökutækja utan vega í Vatnajökulsþjóðgarði, sbr. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð. Lokunin gildir til 30. apríl 2021 og verður þörf fyrir lokun veturinn 2021-2022 metin fyrir lok september 2021.

Forsendur lokunarinnar eru eftirfarandi:

Litið er til þess að hér er um að ræða viðkvæmt svæði sem hefur komið undan jöklum við hop Breiðamerkurjökuls á síðustu árum og er að mestu leyti ósnortið af manna völdum. Á svæðinu er mikil umferð yfir vetrarmánuði í tengslum við íshellaferðir og jöklagöngur. Akstur á svæðinu gæti haft neikvæðar afleiðingar í för með sér þar sem hætta skapast á að varanleg slóð eða för myndist, jafnvel þótt jörð sé snævi þakin og frosin.

Hluti hins lokaða svæðis var hulinn jökl 1998 og því hluti Vatnajökulsþjóðgarðs frá stofnun hans, en auk þess nær lokunin til svæðis sem bætt var við landsvæði þjóðgarðsins, með reglugerð nr. 730/2017. Tekin verður afstaða til umferðar og nýtingar á svæðinu með viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs eða við næstu endurskoðun hennar.

Ákvörðun þessi byggir á heimild í 7. mgr. 15. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007, sbr. 14. gr. laga nr. 101/2016. Sömu lög kveða á um mótn og gildistöku stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.

Höfn, 5. október 2020.

**Steinunn Hödd Harðardóttir,
þjóðgarðsvörður á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.**

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2020